

Mál nr. 167/2007

M

og

Vátryggingafélagið X vegna kaskótryggingar bifreiðar og slysátryggingar ökumanns

Umferðaróhapp þegar ökumaður missti stjórn á bifhjóli sínu
á Reykjavíkurvegi þann 6. júní 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.09. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.09. 2007, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann gagnrýnir það sem haft var eftir lækni sem meðhöndlaði hann á slysadeild en haft er eftir læknum í skýrslu lögreglu að M hafi sagt að ökuhraði bifhjólsins hafi verið 100 km/klst. M telur að ekki sé unnt að taka mark á þessari frásögn. M kveðst hafa verið á 60 km/klst þegar hann lenti á misfelli og féll í götuna þannig að bifhjólið skemmdist og hann handleggsbrotnaði. Þá mótmælir M fyrirliggjandi greinargerð verkfræðings um mögulegan ökuhraða bifhjólsins.

Vátryggingafélagið telur að M hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólsins. Í bréfi félagsins, dags. 2. apríl sl., vísar félagið til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og skilmála kaskótryggingar og slysátryggingar ökumanns. Fram kemur að félagið hafni bótaábyrgð. M lætur þess getið í málskotinu að vátryggingafélagið "neitar að bæta tjón tjónþola nema að ½".

Álit.

Ökumaðurinn kveðst hafa ætlað að taka fram úr nokkrum bifreiðum með því að notast við aðrein. "Fann hann skyndilega hvar hjólið rann undan honum á vinstri hlið". M fékk hjólið þann sama dag og óhappið varð.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ökumaður bifhjólsins hafa ekið ógætilega þ.á m. of hratt. Hann viðhafði stórkostlegt gáleysi. Með hliðsjón af ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og vátryggingarskilmála er rétt að lækka bætur sem nemur ½ hluta.

Niðurstaða.

Skilyrði bótaskyldu eru fyrir hendi en rétt er að skerða bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifhjólsins.

Reykjavík 9. október 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Döggr Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.